

## Fundur stýrihóps á Hvanneyri, 25. nóv. 2016.

- Fundarmenn:
- Aðalsteinn Sigurgeirsson Skógræktin
- Guðmunur Vernharðsson Félag garðplöntuframleiðenda - Mörk
- Helga Ragna Pálsdóttir Félag garðplöntuframleiðenda - Kjarr
- Ólafur Sturla Njálsson Félag garðplöntuframleiðenda - Náttagi
- Samson Bjarnar Harðarson Lbhí, Yndisgróður
- Steinunn Garðarsdóttir Lbhí, Yndisgróður

### **Farið yfir starfsemina í sumar, markmið og framtíð Yndisgróðurs (sjá ppt. kynningu).**

Rætt var um að klára og lagfæra **merkingar í görðunum** á Reykjum, Fossvogi og Hvanneyri fyrir næsta vor. Varðandi kort á netinu / í síma kom upp áhugaverð hugmynd um að hægt væri að smella á viðkomandi beð og komi þá upp listi af plöntum í því beði. Rætt var um (Mummi) að hafa merkingar við hverja plöntu en ekki aðeins út á enda. Fagaðilar eiga oft erfitt með að átta sig á hvað er í beðunum – hvað þá almenningur. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi merkinga en gera sér grein fyrir erfiðleikum í framkvæmd og nauðsynlegt væri að marka stefnu um þetta. Niðurstaðan var að leggja nokkuð í merkingar og prófa fyrst um sinn að hafa sér skilti við úrvalsyrkin – prófa að nota standana sem við eigum og eru notuð við endann á beðnum.

Jákvætt var tekið í hugmyndir um **nýjan garð á Akureyri** og stuðning við það með plöntum eins og gert hefur verið annarsstaðar. Rætt var um hvort ekki þurfi að hafa dúk til að hafa sem líkasta samanburð (ekki kurl).

### **Úrvalsyrki:**

Mikilvægi þess að samræma það sem Yndisgróður mælir með og þess sem er verið að framleiða. Lauslega var farið í gegnum 2013 úrvalsyrkin og hvernig staðan á því eru hjá þeim framleiðendum sem voru á fundinum:

Fram komu hugmyndir um að gott væri að hafa sérstakt merki / lógó sem væri hægt að nota á úrvalsplöntur (eins konar vottun – Y-plöntur / Ú-plöntur...). Vel var tekið í að sameiginlegan bækling sem kynnir heppileg yrki – félag garðplöntuframleiðenda tók við keflinu þar.

Mikilvægt að samræma það sem er til á markaðinum og það sem er auglýst.

**Samantekt á stöðu úrvalsyrkja valin 2013:** (sjá umfjöllun hvers og eins hér neðst\*)

**Hallveig:** er í sölu

**Bríet:** er í sölu

**Villa Nova:** er í sölu

**Kjarri:** er í sölu

**Svanhvít:** er í sölu - en gætum við verið með nokkrar mismunandi? Munurinn er þó ekki þannig að það skipti máli í sölu

**Bersarunni:** er í sölu en spurning hvort selst og hvernig markaður er fyrir fræyrki

**Gréta** - er ekki í sölu þar sem eftirspurn eftir stórum rósum er ekki fyrir hendi. YG þyrfti að fara í að kynna notkun slíkra rósa (t.d. sólarmegin í trjábeð eru þær fínar). Einnig hjónarósir t.d. 'Kristleifur' sem er með ætar nípur.

### **Rætt var um sýnileika Yndisgróðurs og samvinnu í markaðssetningu**

Í ljós kom að allir eiga við sama vanda að etja hvað varðar tæknimál – gagnagrunnar og í sumum tilfellum heimasíður eru að úreldast. Fýsilegt væri að vinna saman að því að finna hentuga lausn fyrir gangasafnið – í grunninn eru þetta samskonar kröfur (nafn, raðnúmer, lýsing og myndasafn fyrir hvert yrki) hver gætur sé sérsniðið grunninn fyrir sig og notað á

sinn hátt en æskilegt væri að samtengja betur grunn YG og félags garðplöntuframleiðanda (plöntuleitina).

A síðasta stýrihópsfundu var einnig rætt um ósýnileika yndisgróðurs hjá garðplöntuframleiðendum – formleg beiðni verður send um að setja link inn; líka hjá Skógræktinni, YG þarf líka að uppfæra lógóíð frá þeim.

**Hugmynd um fagráðstefnu YG og félagsgarðplöntuframleiðenda 2017.** Tækifæri til að ná fólki í faginu – Rvk. hefur t.d. tækifæri til að senda fólkið sitt á námskeið á vinnutíma (þyrfti þá að vera búíð kl 4). Mætti kynna nýja heimasíðu, þau yrki sem við erum komin með og eitthvað nýtt s.s. framleiðsla á innlendum tegundum, fjölæringar... Svo yrðu fyrirlestrar frá t.d. 1 íslending, 1-3 erlendir (t.d. frá sænska e-plöntu verkefni... – Samson hefur skoðað að fá hingað Noel Kingsburry (fjölæringar). Búvörulögin gefa félagi garðplöntuframleiðenda möguleika á að flytja inn erlendan ráðunaut – mætti nýta það. Mummi segir þetta muni ganga vel þar sem það sé lítið framboð / mikil eftirspurn eftir einhverju sem tengist plöntum. Mikilvægt að gera ráð fyrir andrými til að spjalla saman.

**Nýjar áherslur:** Fjölæringar, minni tré og götutré, nýjar tegundir erlendis frá, klifurplöntur. Þarf að kenna fólki hugmyndina með að nota t.d. klifurplöntur, fjölæringa, grös o.s.frv.

**Framtíð garðanna:** nýta eyður til að planta áfram. Spurning hversu mikið gildi rósagarðurinn hefur fyrir okkur þó fundarmönnum hafi þótt miður ef við hefðum ekki rósasafn. Sandgerði er erfiður – þar er niturskortur og spurning hvort eigi að ráðast í miklar umbætur – ekki víst þar sem hann gefur okkur mikilvægar upplýsingar um stöðuna eins og hún er það. Taka það saman og varðveita það sem gengur þar.

#### **Annað:**

Rætt um nokkur yrki: hafþyrnir væri upplagður til að græða upp auða mela (Aðalsteinn).

Skorað á Aðalstein að taka saman efni um blæleri.

Óskað var eftir því að föst tímasetning fyrir stýrihópsfundu 2x á ari væri ákveðin í ársbyrjun.

Almenn ánægja var með að taka heilan dag í fundinn og breyta til með því að fara upp á Hvanneyri – enda margir ekki haft tækifæri til að sjá garðinn og skjólbeltin þar.

*Fyrir hönd Yndisgróðurs  
Steinunn Gardarsdóttir*

#### **\*Úrvalsyrki valin 2013 – staðan hjá framleiðendum:**

**Óli:** er og var með Bersarunna, líka Cordova, Kjarra, Svanhvíti, Villa Nova.

**Mummi:** var með Svanhvíti og Villa Nova, nú komin með Bríet og Hallveigu en ekki enn Grétu, fyrt núna með móðurplöntu, en hún selst ekki, kunninn grípur hana ekki. Hefur haldið sig við Funa í Bersarunna ern er með fræ í vinnslu. Setur þó spurningamerki við að nota fræyrki þar sem hann þarf að framleiða fullt en getur ekki notað allt og getur ekki lofað kúnna ákveðin gæði ef ekki er klónað.

Við gætum tekið þá afstöðu að velja úr klóna, en það er jafnframt kostur að hafa fjölbreytileika, sérstaklega í magnútplöntun, en það er þó ekki það sem Mummi er að sjá í þessu (þ.e. selst ekki í nægu magni til að virka sem fræplanta).

**Helga:** er með Funa og stikklinga bæði frá Nátthaga og Gróanda, Cordova. Selst lítið af honum en var óvenju fallegur í sumar. Er með Bríeti, Hallveigu og Villa Nova (lengi), Kjarra og Svanhvíti – en þó ekki alveg viss hvort er rétt. Á ekki Grétu.